

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Október 2012

Arnar Þorsteinsson - Ölduselsskóli

---



## Nám og vinna.is

Upplýsingavefur fyrir  
náms- og starfsráðgjafa  
í grunnskólum

### Upplýsingar um:

- nám og ráðgjöf
- vinnu og fjölbreytt störf
- náms- og starfsfræðslu
- margskonar úrræði
- verkfæri ráðgjafans



**Nafn skóla:** Ölduselsskóli

**Nafn verkefnis:** Upplýsinga- og þjónustuvefur um náms- og starfsráðgjöf á grunnskólastigi

**Verkefnisstjóri:** Arnar Þorsteinsson

---

### Markmið verkefnis

Markmiðið verkefnisins í upphafi var að búa til lifandi upplýsingaveitu um nám og störf. Gagnabankanum var ætlað að vera eins konar verkfærakista ráðgjafans auk þess að efla náms- og starfsfræðslu sem þátt í starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum í samræmi við áherslu í nýrri aðalnámskrá.

Um er að ræða gagnabanka á vefsvæðinu [namogvinna.is](http://namogvinna.is) og var upphaflega stefnt að vefurinn innihéldi:

1. Lifandi upplýsingar um nám og störf
2. Námsefnis- og verkefnabanka í náms- og starfsfræðslu
3. Upplýsingar um námstækni auk verkefna
4. Handbók ráðgjafans

Á þeim tíma sem liðinn er síðan hugmyndin kviknaði hefur margt breyst sem hefur haft áhrif á áherslur þessarar vinnu s.s. uppbygging [nýrrar Menntagáttar](#) á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vinnu sem er í gangi tengd [rafrænni náms- og starfsráðgjöf](#). Verður nánar vikið að því síðar í skýrslunni.

### Leiðir að markmiði

Keypt var lénið <http://namogvinna.is/> og leitað til vefsíðufyrirtækisins [Emstrur](#) sem sá um grunnuppsetningu í vefumsjónarkerfinu Drupal. Gerð veftrés tók talsvert lengri tíma en gert var ráð fyrir enda margar spurningar sem vöknuðu í því ferli tengdar því hvaða áherslur rétt væri að leggja með hliðsjón af þeirri miklu vinnu sem þegar er hafin tengd rafrænni ráðgjöf og [miðlægum upplýsingum um nám og störf](#).

Efnisflokkar gagnabankans eru fimm talsins og í nokkuð góðu samræmi við það sem stefnt var að; *Nám og ráðgjöf*, *Vinna*, *Náms- og starfsfræðsla*, *Ráðagerði* og *Verkfærakista*. Rétt er að gera grein fyrir hverjum efnisflokki fyrir sig, hvers konar efni er þegar aðgengilegt og hvert stefnt er í hverjum flokki fyrir sig.

- a) **Nám og ráðgjöf:** Hér er ætlunin að fjalla um og tengja nýrri Menntagátt mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í augnablikinu er hér fátæklegt um að litast en reynt að leggja áherslu á kynningarefni um skil grunn og framhaldsskóla. Einnig er umfjöllun um námstækni og áhugaverða námsvefi á netinu.
- b) **Vinna:** Hér er einnig beðið fyrirnefnds miðlægs gagnabanka um nám og störf. Fjallað er um fjölbreytileika vinnunar og ýmislegt sem tengist atvinnulífinu.
- c) **Náms- og starfsfræðsla:** Kennsluáætlanir og verkefni í náms- og starfsfræðslu, hvort tveggja útgefin sem og hugmyndir og efni sem enn er í vinnslu. Hugmyndin er að hér verði samvinnuvettvangur þar sem náms- og starfsráðgjafar geta unnið saman að nýjum verkefnum, miðlað reynslu og þekkingu og gefið út eigið efni með opnu höfundarleyfi (CC) sem aðrir geta síðan breytt og bætt.
- d) **Ráðagerði:** Hugmynd sem á rætur að rekja til lokaverkefnis í námsráðgjöf frá árinu 1992. Hér er safnað saman upplýsingum um stofnanir sem náms- og starfsráðgjafar eru í tengslum við í sínu starfi. Hér er einnig að finna Bókahillu ráðgjafans og upplýsingar um samstarfsverkefni náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.
- e) **Verkfærakista:** Margskonar verkfæri sem tengd eru starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Þau snúa að áhugasviðum nemenda, áhættuhegðun, einelti, samskiptum, forvörnum, líðan og lífsleikni ásamt öðru því sem til fellur.

### **Frávik miðað við áætlun og hindranir**

Vinnan við uppsetningu síðunnar hefur reynst talsvert lærdómsferli enda þekking undirritaðs á slíku í upphafi afar takmörkuð.

Vegna umfangs verkefnisins hefur tímaáætlun ekki staðist auk þess sem samstarf við aðra náms- og starfsráðgjafa við öflun efnis hefur ekki verið eins umfangsmikið og vonir stóðu til. Var því tekinn sá póll í hæðina að leggja áherslu á að safna saman á einn stað því efni sem þegar er aðgengilegt og notað af náms- og starfsráðgjöfum í

grunnskólum auk efnis sem undirritaður verkefnisstjóri hefur unnið að, mest tengt náms- og starfsfræðslu.

Óneitanlega hafa ýmis slík hliðarspor tengd námsefnisgerð hægt hér á en hugmyndin var að hafa á vefnum aðgengileg eigin verkefni og drög að verkefnum sem dæmi um hvað hægt er að gera. Vonandi verður það náms- og starfsráðgjöfum hvatning til að bæta við. Næsta skref felst raunar í að safna saman efni frá öðrum (sjá fylgiskjal) og gera vefinn að samstarfsvettvangi þeirra til að deila efni og vinna saman.

Menntamálaráðuneytið leiðir nú vinnu ráðgjafanefndar sem ætlað er að skoða möguleika á alhliða upplýsingakerfi um nám og störf á Íslandi sambærilegt við þau sem voru uppspretta þessa gagnabanka fyrir náms- og starfsráðgjafa (sjá dæmi [hér](#)). Auk þess er, sem fyrr segir, unnið að nýrri Menntagátt.

Með hliðsjón af þeirri vinnu var sjálfgefið að einbeita sér að þörfum náms- og starfsráðgjafa og gera gagnabankann að sameigilegu vef- og vinnusvæði þeirra. Í sambærilegum erlendum upplýsingaveitum er gjarnan sérstakt svæði sem ætlað er náms- og starfsráðgjöfum og var hér lítið til þess að gagnabankann megi síðar sameina stærra vefsvæði svo sem nýrri Menntagátt eða alhliða upplýsingakerfi um nám og störf. Hefur sú hugmynd verið viðruð við þar til bæra aðila.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Þegar búið var að ákveða að stærsti hluti efnisins myndi tengjast náms- og starfsfræðslu kom í ljós að það efni sem til er, er fátæklegt og oftast en ekki orðið úrelt eða þarfnast uppfærslu. Var því farið í að búa til dæmi um verkefni, fyrst og fremst vefkynningar ýmiskonar tengdar fjölbreytileika atvinnulífsins og mikilvægi vinnunar í lífi fólks. Var þar reynt að flétta saman texta, mynd og hljóði og urðu í því ferli til vísar að verkefnum og námsefni sem spennandi verður að vinna úr á næstu misserum, vonandi í samstarfi við aðra náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.

Tekin voru þrjú námskeið við Menntavísindasvið HÍ í því skyni að kynna verkfærum til að nota í náms- og starfsfræðslutengdum verkefnum og hafa þau verkfæri þegar öðlast líf í lokaverkefnum nemenda Ölduselsskóla. Þá er ótalið verkefni sem upp úr þessu spratt og tengist því að færa náms- og starfsfræðsluval fyrir efstu bekkji grunnskóla yfir í fjarkennsluumhverfið Moodle 2, nokkuð sem komið er vel á veg og kennt í dreifnámi á yfirstandandi vetri.

## **Niðurstöður verkefnisins**

Samkvæmt almennum hluta nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla, á starf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum ekki síst að snúa að almennri náms- og starfsfræðslu þó svo að furðu lítill hluti starfs þeirra virðist snúa að þeim þætti. Í gagnabankanum hefur talsverð áhersla verið lögð á þennan þátt og verður vonandi eitt af því sem ýtir undir aukna og markvissari fræðslu um fjölbreytileika náms og atvinnulífs og tengslin þar á milli.

Verkefnið heldur áfram innan skólans þar sem náms- og starfsfræðsla er að verða æ stærri þáttur í vinnu náms- og starfsráðgjafa skólans. Verkefnið mun nú einnig ná til fleiri ráðgjafa sem vonandi munu sjá sér hag í að nota gagnabankann sem upplýsinga- og samvinnuvettvang.

Gagnabankinn og þau verkefni sem hann virðist vera að leiða af sér, mun vonandi verða til þess að efla náms- og starfsfræðslu í grunnskólum á Íslandi. Það ásamt því að hafa á einum stað aðgengileg ýmis þau verkfæri sem náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum styðjast við mun vonandi gera starfið markvissara og skipulagðara en áður.

## **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Þrjár kynningar á verkefninu fóru fram á vorið 2011; ein á vegum fræðslunefndar Félags náms- og starfsráðgjafa, önnur á fundi með fulltrúum Samtaka iðnaðarins og sú þriðja á morgunverðarfundi Sérfræðiseturs um ævilanga náms- og starfsráðgjöf.

Fleiri slíkar kynningar eru ekki fyrirhugaðar á næstunni. Kynningarbréf ásamt vefkönnun verður hins vegar sent öllum náms- og starfsráðgjöfum (sjá fylgiskjal) þar sem minnt er á verkefnið og óskað eftir liðsinni þeirra við að setja meira kjöt á beinin. Von mín er sú að áður en langt um líður verði vefurinn kominn í almenna notkun náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og muni á síðari stigum sameinast þeim stórhuga verkefnum sem nú eru í smíðum tengd alhliða gagnaveitum um nám, störf og rafræna ráðgjöf.

15. október 2012

Undirskrift verkefnisstjóra:

Arnar Þorsteinsson

## Fylgiskjal: Bréf á póstlista Félags náms- og starfsráðgjafa sent 15. október 2012

Til náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum vegna gagnabankans [www.namogvinna.is](http://www.namogvinna.is)

Ágæta samstarfsfólk.

Fyrir einum fjórum árum síðan hóaði undirritaður saman nokkrum náms- og starfsráðgjöfum úr grunnskólum í því augnamiði að skoða áhuga á uppbyggingu gagnabanka sem nýst gæti í starfi. Voru undirtektirnar ágætar. Í einhverju óskiljanlegu bjartsýniskasti var í framhaldinu rokið til, lénið [www.namogvinna.is](http://www.namogvinna.is) stofnað og hafist handa við gagnasöfnun.

Það verður að segjast eins og er, að ég hafði ekki minnstu hugmynd um hvað ég var að fara út í. Hafði enga þekkingu á heimasíðugerð og raunar takmarkaða hugmynd um nokkurn skapaðan hlut annan en að langa til að safna verkfærum okkar saman á einn stað sem væri náms- og starfsráðgjöfum um allt land aðgengilegur. Auk þess raunar að búa til vettvang þar sem við gætum deilt hvert með öðru því efni sem við búum til sjálf og nýtum í okkar starfi. Ég sá fyrir mér (og sé enn) að þannig gæti einn gripið hugmynd á lofti og unnið áfram, hópar ráðgjafa unnið saman að einhverju og deilt með okkur hinum og svo mætti lengi telja.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að hugmyndin kviknaði hefur margt seinkað verkinu. Raunar hafði ég fyrir ári gefist upp á því. Á [námskeiði þeirra Dr. Raimo Vuorinen og Dr. Jim Sampson](#) nýlega ákvað ég hins vegar að hefjast handa á ný og setja á síðuna einfaldlega það efni sem ég sjálfur hef verið að nota og vinna að. Það efni er eflaust hvorki betra né verra en það við eigum flest í eigin verkfærakistu, sumt á hugmyndastigi, annað lengra komið.

Hugmyndin er sú að hafa mitt eigið efni aðgengilegt með [opnu höfundarleyfi](#) þannig að hver og einn geti notað það og nýtt. Það er von mín að fleiri náms- og starfsráðgjafar fylgi í kjölfarið og deili sínum verkefnum og hugmyndum.

Vefurinn er enn margvíslegum takmörkunum háður en gefur vonandi hugmynd um hvað gæti orðið með tíð, tíma og ekki síst ábendingum og hugmyndum frá ykkur. Næsta skref er því að kanna áhuga ykkar og viðbrögð. Hef ég sett saman [stutta vefkönnun](#) sem mér þætti afar vænt um að þið gæfuð ykkur tíma til að fylla út.

Með fyrirfram þökk og góðum kveðjum,

Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi Ölduselsskóla.